Nei, undirritaður sofnaði ekki fram á lyklaborðið sitt. Höpöhöpö Böks er titill á svokölluðum ljóðabæklingi sem kom nýverið út hjá House Press í Kanada. Höfundur hans er nýhilistinn **Eiríkur Örn Norðdahl** og það sem vekur athygli við bæklinginn er að hann inniheldur eingöngu orð sem fela í sér sérhljóðann Ö.



Svona hefst ljóðabálkur Eiríks

Köld öld Böks mjög örg.
Ölböl örlög Böks!
Sök Böks kvöl öll kvöld.
Öll göt Gvöðs köld.

Fyrstu línur úr E-kafla Eunoia eftir Christian Bök

Enfettered, these sentences repress free speech. The text deletes selected letters. We see the revered exegete reject metred verse: the sestet, the tercet – even les scéne élevées en grec.

Eiríkur Örn Norðdahl *Rithöfundurinn er búsettur á Ísafirði og vann þar að ljóðabálkinum Höpöhöpö Böks í vetur.*

Kápa Höpöhöpö Böks
Ljóðabæklingurinn sérstaki var gefinn út af kanadíska útgáfuforlaginu House Press.

Höpöhöpö Böks öll mjög töff

Þetta undarlega ljóð Eiríks kom út í júní 2006. Hugmyndin að því kviknaði að miklu leyti út frá ljóðabókinni Eunoia sem er eftir kanadíska ljóðskáldið Christian Bök. Bók sú vakti mikla athygli þegar hún kom út árið 2001 og vann ljóðskáldið hin virtu Griffin-ljóðaverðlaun fyrir hana, en þau hafa verið nefnd „nóbelsverðlaun ljóðlistarinnar". Bók Böks var þó ekki eina kveikjan að Höpöhöpö Böks, heldur var sjálft nafn Christians Bök sömuleiðis kveikja.

„Hugmyndin varð fyrst til þannig að ég stríddi Christian á því að hafa ekki gert þetta sjálfur, svokallaðan Ö-kafla í bók sína, þegar hann kom hingað síðasta sumar á ljóðahátíð Nýhils," segir Eiríkur, en umrædd ljóðabók Christian Böks skiptist niður í A, E, I, O og U-kafla og í hverjum kafla eru eingöngu orð með samsvarandi sérhljóða. „Það er auðvitað mjög skrítið að Christian Bök skyldi ekki gera þetta sjálfur. Þetta er nú einu sinni einn af sérhljóðunum í nafninu hans," segir Eiríkur og hlær.

Ljóðið tók vinnudag

Sjálft ljóðið varð til í vetur fyrir hálfgerða slysni, þegar Eiríkur gerði 2-3 setningar eingöngu með Ö-orðum. „Stundum verður maður pínulítið hugsjúkur þegar maður byrjar á einhverju og ég ákvað einfaldlega að klára ljóðið," segir hann.

Ekki tók langan tíma að skrifa ljóðið að sögn Eiríks. „Þetta er að megninu til gert á einum góðum vinnudegi. Ég fór í gegnum orð sem innihéldu eingöngu sérhljóðann Ö og ráðfærði mig einnig við fólk, hvort það myndi eftir sniðugum orðum með Ö." Lokaútgáfa Höpöhöpö Böks er 10 erindi, þótt Eiríkur sé viss um að hann hefði getað haft ljóðið mun lengra.

„Höpöhöpö" í uppáhaldi

Höpöhöpö er finnskt orð og þýðir bull eða kjaftæði. „Ég bjó í Finnlandi fyrir nokkrum árum og þekkti því orðið löngu fyrir þetta verkefni. Það hefur lengi verið í uppáhaldi hjá mér," segir hann. „Maður heyrir jafnframt á hljómi orðsins að þetta er alveg ákveðin tegund af kjaftæði," bætir hann við og hlær hátt.



Christian Bök ljóðskáld *Gaf út Eunoia fyrir nokkrum árum en hefur undanfarið einbeitt sér að hljóðljóðum eins og gestir ljóðahátíðar Nýhils sáu síðasta sumar.*

Christian ánægður með íróníuna

Eiríkur sendi Christian Bök ljóðið þegar það var tilbúið og Bök kom því áfram til vinar síns sem ákvað að gefa það út. „Christian fannst þetta mjög fyndið og sagði að íróníunni væri vel tekið. Hann átti 40 ára afmæli í síðustu viku og mér skilst að vinir hans hafi lesið upp úr ensku þýðingu ljóðsins," segir Eiríkur, en auk íslenska ljóðsins Höpöhöpö Böks birtist enska þýðing ljóðsins – Bök´s Höpöhöpö – í sama bæklingi.

Ljóðlist er bull en merkingarbær

Það má segja að orðin hafi valið Eiríki frekar en að hann hafi valið orðin, enda var hann háður því að yrkja aðeins með orðum sem innihéldu Ö. „Ég sá strax að mörg orðanna voru mjög ásakandi eða erfið, eins og ‚sök', ‚örg' eða ‚röff', og því varð tónn ljóðsins slíkur. Erfiðast var þó að finna sagnir sem hentuðu ljóðinu." Eiríkur bendir á að ö-hljóð sé einnig kjánalegt og tekur höpöhöpö sem dæmi um sérstaklega kjánalegt orð.

„Ljóðið sem slíkt er auðvitað bull og ókonkret, en á sama tíma merkingarbært. Ljóðlist er í eðli sínu bull en engu að síður merkingarbær."

Eiríkur tekur fram að þótt titill ljóðsins vísi í bullið í Bök, þá á hann ekki við að Bök sé bullari. „Nei, alls ekki. Ljóðið sem slíkt er auðvitað bull og ókonkret, en á sama tíma merkingarbært. Ljóðlist er í eðli sínu bull en engu að síður merkingarbær," klykkir Eiríkur út með skáldlegum hætti.

ottar@dv.is